

Reykjavík, 3. maí 2001

Dómarafélag Íslands hefur fengið til umsagnar eftirtalin lagafrumvörp.

1. Frumvarp til laga um breyting á umferðalögum nr. 50/1987, 672 mál. Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur bifreiða verði bönnuð. Í öðru lagi er lagt til að sett verði skilyrði fyrir því að gefið verði út fullnaðarskírteini til þeirra sem fengið hafa bráðabirgða-ökuskírteini til tveggja ára. Af hálfu Dómarafélagsins eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið og tekið undir þau sjónarmið sem fram eru sett í athugasemdum við það.
2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, mál 553, birting EES-reglna. Frumvarp þetta miðar að því að taka af tvímæli um hvernig staðið skuli að birtingu tilskipana, reglugerða, ákvarðana, tilmæla og annarra gerða samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Er það gert til þess að bregðast við þeim athugasemdum sem fram hafa komið um birtingu EES-gerða, bæði hjá umboðsmanni Alþingis og dómstólum. Lagt er til að sú breyting verði gerð á 2. gr. laganna, að heimilt verði að vísa til birtingar EES-gerða í EES-viðbætinum við Stjórnartíðindi EB við birtingu stjórnvaldsfyrirmæla sem leiða þessar gerðir í íslensk lög. Er það sami háttur birtinga og verið hefur í raun. Af hálfu Dómarafélagsins eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið og mælt með lögfestingu þess.
3. Frumvarp til laga um breytingu á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sbr. lög nr. 29/1931. Með frumvarpinu er lagt til að heimilað verði að fullgilda samkomulag um breytingar á þessum Norðurlandasamningi sem gert var í Stokkhólmi 6. febrúar 2001. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið eru ástæðurnar fyrir þeim breytingum á samningnum sem lagðar eru til með samkomulaginu tvíþættar. Annar vegar er um að ræða breytingar til samræmis við gildandi norrænan sifjarétt og hins vegar breytingar til samræmis við svonefnda Brussel II reglugerð Evrópusambandsins frá 29. maí 2000 um alþjóðlegar heimildir á sviði sifjaréttar, eins og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við lagafrumvarpið. Af hálfu Dómarafélagsins er mælt með lögfestingu frumvarpsins með skírskotun til þeirra skýringa sem fram koma í athugasemdum við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Dómarafélags Íslands,

Eggert Óskarsson